

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 3. nóvember 1986

um notkun sameiginlegra tækniforskrifta fyrir  
MAC-pakkastaðla fyrir beinar sjónvarpssendingar um gervihnött

(86/529/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nokkur Evrópulönd munu innan skamms taka í notkun gervihnetti til beinna sjónvarpssendinga og í framhaldi af því munu framleiðendur setja á markað ný sjónvarpstæki sem samsvara þörfum almennings.

Notkun sameiginlegra tækniforskrifta fyrir beina útsendingu á sjónvarpsefni um gervihnött og jafnvel fyrir endurútsendingu þess um kapalnet er nauðsynleg til að ná þeim markmiðum sem hér fara á eftir.

Notkun sameiginlegra tækniforskrifta einfaldar útsendingu á sjónvarpsefni í öllum ríkjum bandalagsins og er mikilvægt framlag til sameiningar Evrópu og til að styrkja sjálfsímynd Evrópubúa.

Tæknilegir möguleikar á samtímis útsendingu á mörgum hljóðrásum hafa opnað leið til að senda út raunverulegt samevrópskt sjónvarpsefni á mörgum tungumálum.

Með notkun sameiginlegra tækniforskrifta myndast stór og sameiginlegur markaður þar sem engar tæknilegar hindranir munu torvela vöruviðskipti, sem verður til mikilla hagsbóta fyrir evrópska rafeindaiðnaðinn að því er varðar samkeppnishæfni hans.

Notkun sameiginlegra staðla innan bandalagsins veitir framleiðendum og rekstraraðilum nauðsynlega tryggingu fyrir fjárfestingum og aðföngum.

Evrópusamtök útvarpsstöðva (EBU) og fulltrúar hlutaðeigandi samtaka evrópskra framleiðenda hafa samið og birt tækniforskriftir fyrir MAC-pakkakerfin fyrir beinar sjón-

varpssendingar um gervihnött og endurútsendingu á sjónvarpsefni um kapalnet. Þessar tækniforskriftir hafa hlotið alþjóðlega staðfestingu af Alþjóðlegu útvarpsráðgjafarnefndinni (CCIR).

Eftirtalin kerfi teljast sem stendur til MAC-pakkakerfa:

- C-MAC-pakkakerfið og D2-MAC-pakkakerfið með tíðnimótun sem miðast við beinar útsendingar um gervihnött,
- D-MAC-pakkakerfið og D2-MAC-pakkakerfið sem miðast við dreifingu um kapalnet.

Þessi kerfi eru að mjög miklu leyti samhæfð innbyrðis að því er rekstur varðar.

Þessi kerfi gera það kleift að uppfylla kröfur til þjónustu og kostnaðar í hinum ýmsu löndum.

Í ljósi fyrirsjáanlegra tækniframfara á þessu sviði ber nú þegar að taka mið af væntanlegri þróun núverandi kerfa og kveða á um að þessi tilskipun verði endurskoðuð síðar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir með lögum eða stjórnisýslufyrirmælum til að tryggja að við beinar sjónvarpssendingar um gervihnött og endurútsendingu um kapalnet verði aðeins notuð eftirtalin kerfi:

- þegar um er að ræða beinar sendingar sjónvarpsefnis um gervihnött, MAC-pakkakerfið sem getið er um í fyrsta undirlið og aths. 2 í tilmælum CCIR AE/650 með fyrirsögninni „Television Standard for Satellite Broadcasting in the Channels Defined by WARC BS-77 and RARC SAT-83“, sem samþykkt var á 16. þinginu í Dubrovnik í maí 1986 (þ.e. C-MAC-pakkakerfið eða D2-MAC-pakkakerfið);
- þegar þessu efni er síðan dreift um kapalnet, skal fram- ar öðru velja það MAC-pakkakerfi fyrir kapalnet sem svarar til gervihnattakerfisins. Þó má við endurútsendingu sjónvarpsefnis um kapalnet nota núverandi aðferðir og láta umbreytingu frá MAC-pakkakerfinu, sem notað er fyrir gervihnattasambandið, fara fram í mótökustöðinni sem tilheyrir kapalnetinu;

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 59, 14. 3. 1986, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Álitum var skilað 22. október 1986 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*).

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 189, 28. 7. 1986, bls. 4.

— öll kerfi sem þróast út frá MAC-pakkakerfunum sem getið er í fyrsta og öðrum undirlið og síðan eru skilgreind af evrópsku stöðlunaraðilunum og/eða þar til bærum alþjóðaaðilum og eru rekstrarlega samhæfð þeim.

Aðildarríki skulu velja það eða þau MAC-pakkakerfi sem best á eða eiga við núverandi eða framtíðarskipulag kerfa þeirra fyrir beint sjónvarp um gervihnött eða dreifingu um kapalnet og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um val sitt.

2. gr.

Í tilskipun þessari merkja „beinar sjónvarpssendingar um gervihnött“: gervihnattasjónvarpsþjónustu eins og hún er skilgreind í radióreglugerð Alþjóðafjarskiptasambandsins, þ.e. þjónustu sem notar þær rásir á tíðnisviðinu 11,7 – 12,5 GHz sem aðildarríkjunum var úthlutað á alþjóðaráðstefnunni um gervihnattaútlit í Genf 1977 og sem miðast við

móttöku með 625-lína einkasjónvarpstækjum.

3. gr.

Þessi tilskipun skal gilda til og með 31. desember 1991 hið lengsta. Þess er farið á leit að fyrir þann dag leggi framkvæmdastjórnin fyrir ráðið tillögur um ráðstafanir er samþykkja skal í stað þessarar tilskipunar.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. nóvember 1986.

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. CLARK

*forseti.*